




## Stjörnufræðingar gera sæta uppgötvun



Vissir þú að sykur inniheldur nauðsynleg hráefni í líf? Það þýðir samt ekki að það sé hollt að borða sælgæti. Sykur er úr einfaldri uppskrift efna sem kallast kolefni, vetni og súrefni. Næstum allt lífið á jörðinni er úr þessum þremur efnum plúr einu öðru sem kallast nitur.

Með hjálp öflugra sjónauka hafa stjörnufræðingar fundið sykur í gasi sem umlykur unga stjörnu sem er áþekkt sólinni okkar. Sykur hefur áður sést í geimnum en þetta er í fyrsta sinn sem hann hefur fundist svo nálægt stjörnu á borð við sólina. (Sykurinn er í svipaðri fjarlægð frá stjörnunni og Úranus er frá sólinni okkar). Og þar sem sykur inniheldur hráefni í líf er spennandi að finna hann við stjörnu eins og sólina – kannski gæti líf þrífist á öðrum hnetti í geimnum!

Stjörnufræðingar hafa líka komist að því að sykurinn er að færast inn að stjörnunni „Sykursameindirnar eru ekki aðeins á réttum stað til að falla á reikistjörnu, heldur stefna þær í rétta átt“ segir stjörnufræðingurinn Cécile Favre.

Taktu þátt: Hvað myndir þú skoða ef þú stjörnaðir einum öflugasta sjónauka heims? Til að fagna 50 ára afmæli sínu býður Stjörnustöð Evrópulanda á suðurhveli öllum að kjósa hvaða glæsilega fyrirbæri VLT sjónaukinn á að ljósmynda! Smelltu hér til að fá frekari upplýsingar.



More information about EU-UNAWA  
Space Scoop: [www.eu-unawe.org/kids/](http://www.eu-unawe.org/kids/)